



Fundargerð

463. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Fimmtudaginn 14. janúar 2021, kl. 15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum, fjarfundur.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Ingimar Ingimarsson (II), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Karl Kristjánsson (KK). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál.

Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

1. 461. og 462 fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Farið yfir fundargerðirnar og þær samþykktar samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 2101002 – Grettislaug, endurbætur.

Sveitarstjórn samþykkir að stofna starfshóp um endurbætur á Grettislaug. Hópurinn komi til með að leita bestu leiða til að fylgja verkefninu eftir, skipulag og hönnun þess skv. erindisbréfi.

Sveitarstjórn skipar eftirfarandi aðila í starfshópinn:

*Árnýju Huld Haraldsdóttur f.h. sveitarstjórnar
Gústaf Jökul Ólafsson
Kolfinnu Ýr Ingólfssdóttur*

Samþykkt samhljóða.

2. 2101005 - Tröllendi 7, 216401. Úthlutun lóðar.

Málinu frestað. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 2101003 - Brunavarnaráætlun Slökkviliðs Dalabyggðar, Stranda og Reykhólahrepps.
Lögð eru fram drög að ofangreindri áætlun til kynningar.
2. 1401018 - Umsögn Vestfjarðarstofu um viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015 - 2026.
Umsögn lögð fram til kynningar.
3. 2101004 - Lokaskýrslur HMS varðandi sérstakan húsnæðisstuðning.
Skýrslur lagðar fram til kynningar.
4. 2011005 - Trúnaðarmál.
Skráð í trúnaðarmálabók.

Önnur mál : Löglega upp borin

1. Stofnun Áfangastaðastofu á Vestfjörðum.

Lagt er fram erindi frá Vestfjarðastofu, þar sem óskað er heimildar sveitarfélagsins til handa Vestfjarðastofu/FV til að staðfesta samning við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið vegna stofnunar Áfangastaðastofu á Vestfjörðum, sem komi til með að taka við verkefnum Markaðsstofu Vestfjarða, jafnframt því að sveitarfélagið staðfesti stofnun Áfangastaðastofu á Vestfjörðum.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir fyrir sitt leyti heimild til handa Vestfjarðastofu/FV til að staðfesta samning við atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti vegna stofnunar Áfangastaðastofu Vestfjarða, sveitarstjórn samþykkir jafnframt stofnun Áfangastaðastofu á Vestfjörðum. Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð samgöngunefndar FV stærri, 11. nóvember og 16. desember 2020.

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16:10

_____	_____
_____	_____
_____	_____